



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2025
USK25100002

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um um götubreytingar við gatnamót Víkurveg, Þúsaldar og Reynisvatnsveg

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 8. október 2025 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 1. október 2025.

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkir að grípa til aðgerða í því skyni að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð við gatnamót Víkurveg, Þúsaldar og Reynisvatnsveg. Meðal annars verði skoðað hvort tvöfalt hringtorg á þessum gatnamótum geti þjónað áðurnefndu hlutverki. Einnig verði skoðað hvort unnt sé að breikka Víkurveg yfir Vesturlandsveg og leggja rampa frá Vesturlandsvegi að Víkurvegi til að ná þessum markmiðum. Óskað verði eftir samstarfi við Vegagerðina um málið vegna tengingar við mislæg gatnamót Víkurveg og Vesturlandsveg.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar.

Umsögn:

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar dags. 28. febrúar 2024 um samhljóma tillögu frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins dags. 7. febrúar 2024. Sjá hjálagt afrit.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt: Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gatnamót Víkurveg, Þúsaldar og Reynisvatnsveg dags. 28. febrúar 2024 USK24020058



Reykjavík, 28. febrúar 2024
USK24020058

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gatnamót Víkurveg, þúsaldar og Reynisvatnsveg

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. febrúar 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að gripið verði til aðgerða í því skyni að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð við gatnamót Víkurveg, Þúsaldar og Reynisvatnsveg. Meðal annars verði skoðað hvort tvöfalt hringtorg á þessum gatnamótum geti aukið umferðaröryggi og bætt umferðarflæði. Einnig verði skoðað hvort unnt sé að breikka Víkurveg yfir Vesturlandsveg til að ná þessum markmiðum.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 14. febrúar 2024.

Umsögn:

Mislæg gatnamót Víkurveg við Vesturlandsveg er í umsjón og rekstri Vegagerðarinnar og er tenging borgarinnar við þjóðvegakerfið. Allar aðgerðir á slíkum tengingum eru því samstarfsverkefni borgarinnar og Vegagerðarinnar.

Forhönnun gatnamóta Vesturlandsveg og Víkurveg gerir ráð fyrir rampa frá Vesturlandsvegi að Víkurvegi við hlið núverandi húsnæðis Húsasmiðjunnar. Slíkur rampi myndi léttla á núverandi tengingu og greiða fyrir umferð að einhverju leyti. Við gerð gatnamótanna fyrir meira en 20 árum var ákveðið að gera ekki alla rampa strax en horft til þess að þeir gætu komið síðar ef þörf væri á. Vegagerðin hefur, í samvinnu við Reykjavíkurborg, verið með til skoðunar að gera þessa tengingu og mismunandi útfærslur á gatnamótum Víkurveg og Þúsaldar í tengslum við það en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort eða hvenær væri farið í þá aðgerð.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík